



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

28. ÁRG. 3. TBL. Desember 2007



Aðventan og ljósið

- Aðventudagskrá
- Hátíð í kirkjunni
16. desember
- Prýðum kirkjuna

Það er einkenni aðventunnar að kveikt eru ljós meir en nokkru sinni í annan tíma. Mikil og mörg ljós eru sannarlega góð í skammdeginu. Megi þau gleðja. Spyrja má þó hvort magnið skipti þar máli, einnig hvort magnið geti lýst upp hugann, gefið bjartsýni á þeim sviðum mannlífsins sem máli skipta. Aðventan er undirbúningstími jóla, fæðing-
arhátíðar hans sem reynst hefur vera ljós heimsins í

þeim skilningi að uppörva, hugga, leiðbeina og kenna það góða. Í kirkjunni okkar eru tendruð ljósín sem eru endurspeglun ljóss heimsins. Það er gert á margan hátt, mest með bæn og lofgjörð. Það ljós þarf að kveikja í sálu sinni. Verið velkomin í kirkjuna ykkar.

Valgeir Ástráðsson

Aðventusöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar

Það er vert að minna á hið árlega söfnunarátak á aðventunni. Blessunarlega er það svo að margir



í okkar umhverfi hafa nóg handa á millum og eru vel aflögufærir til þeirra sem minna mega sín. Sá sem miðlar öðrum er jafnframt að leiða gleði til sjálfs sín. Sá sem aldrei hugsar um þörf annarra mun ekki njóta þess sem hann hefur. Svo segir speki reynslunnar.

Hjálparstarf kirkjunnar er farvegur fyrir hjálp til hinna þurfandi. Tökum þátt í því þeirra vegna, en líka vegna okkar sjálfra. Söfnunarsími Hjálparstarfsins er 907 2002. Reikningsnúmerið er 1150 26 50886, kennitalan 450670 0499

Jólaguðsþjónustur skólanna

Á aðventunni koma skólar og leikskólar sóknarinnar til kirkjunnar sinnar og halda jólaguðsþjónustur, sem undirbúna hafa verið með miklum áhuga. Það eru eftirminnilegar guðsþjónustur, þar sem jólaguðsþjallið er oft flutt með leikrænum hætti og sálmarum um það sungnir. Foreldrar eru að sjálfsögðu velkomnir þá til þátttöku með börnum sínum. Nú í ár verða guðsþjónustur yngri bekkja Ölduselsskóla mánudaginn 17. desember, -6. og 7. bekkur kl. 8:50, -1. og 2. bekkur kl. 10, -3. 4. og 5. bekkur kl. 11:30. Yngri deildir Seljaskóla verða með guðsþjónustur sínar þriðjudaginn 18. september, -1., 2. og 3. bekkur kl. 10, -4., 5. og 6. bekkur kl. 13. Guðsþjónustur leikskólanna verða miðvikudaginn 19. desember kl. 10 og kl. 13. Unglingadeildir og 7. bekkur ásamt starfsfólki Seljaskóla veði með guðsþjónustu fimmtudaginn 20. desember kl. 10 og unglíngadeildir Ölduselsskóla og starfsfólk þann dag kl. 11.

Jólakort kirkjunnar

Eins og undanfarin ár verða jólakort Seljakirkju seld frá byrjun aðventu. Það á vel við að senda jólakveðjur til vina með boðskap kirkjunnar sinnar. Kirkjan í hverfinu er til þess sett að halda á lofti boðskapnum um Jesúm Krist, sem er herra heilagra jóla. Nú í ár verður jólakort kirkjunnar með jólamynd gluggaskreytingar kirkjunnar, þar sem geisli Guðs blessunar fellur á frelsara heimsins og þar með veröld alla. Umsjón með sölu jólakortanna hafa Kristín Edda Guðmundsdóttir og Matthildur Sverrisdóttir. Þau verða til sölu



viða í hverfinu og í kirkjunni. Við hvetjum safnaðarfólk til að nota jólakort kirkjunnar sinnar og styðja þannig starf Jesú Kristis í hverfinu.

Söfnun ungmenna til Hjálparstarfsins

Á haustdögum fór fram söfnun um land allt á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar með ungmennum og fermingarbörnum safnaðanna. Var tilgangur þess, ásamt með góðu málefni, að gefa ungu fólk kost á því að leggja hönd á plóg við slíkt starf og njóta blessunar þeirrar þátttöku. Í Seljakirkju fór söfnunin fram á vegum æskulýðsfélagsins Sela. Það voru hressir krakkar sem fóru með baukana og knúðu dyra í sókninni. Alls söfnuðust kr. 120.000. Allur ágóði af söfnuninni rennur til aðstoðar ungmennum við bág kjör á Indlandi.



Nýja Biblían

Biblía 21. aldar, nýja þýðing Biblíunnar, var tekin í notkun í söfnuðum við guðsþjónustur í kirkjum landsins sunnudaginn 21. október. Nýja þýðingin er vönduð og þýðingarstarfið vel af hendi leyst af færustu fræðimönnum. Í Seljakirkju var tekið vel á móti nýrri þýðingu við

guðsþjónustu. Í safnaðarsal var sett upp sýning eldri þýðinga. Þar voru miklar gersemar í eigu Freys Jóhannessonar, sem hann góðfúslega setti fram og undirbjó vel. Það setti allt hátíðarbrag á þann góða dag, þar sem fagnað var nýju þýðingunni, og er hvati til lesturs heilags orðs.



Barnakórarnir

Við kirkjuna starfa barnakórarnir í eldri og yngri deild. Stjórnandi þeirra er Anna Margrét Óskarsdóttir, söngkona. Þar hefur verið mikil þátttaka og líflegt starf. Nú á adventunni syngja kórarnir í kirkjunni og víðar. Hressilegur söngur barna er eitt af því, sem mesta gleði kallar fram. Starfið sem rækt er með kórastarfi safnaðanna er gott og kristilegt uppeldisstarf, hollt og farsælt börnum. Mikilvægt í starfi slíkra kóra er stuðningur foreldra. Sá stuðningur fær góðan farveg í starfi foreldrafélagsins. Við fögnum starfi barnakóranna, stjórnanda og foreldra.

Heimasíðan

Þar hefur starfsfólk safnaðarins lagt metnað í að setja inn það sem markverðast er í safnaðarstarfinu á hverjum tíma. Það er því þess virði að fylgjast með heimasíðunni, www.seljakirkja.is og hvetjum við safnaðarfólk til þess. Á hverjum degi vikunnar er fjölbreytt starfsemi í kirkjumíðstöðinni. Þar stendur helgihaldið og tilbeiðslan auðvitað hæst og er mikilvægast öllu safnaðarfólki. Í því mikla og fjölbreytta starfi eru margir þátttakendur og margir sem bera ábyrgð. Við viljum hvetja safnaðarfólk til að koma ábendingum og hugmyndum á framfæri við starfsfólk. Það er einnig hægt að gera á heimasíðunni. Leggjum okkar fram til þess að efla safnaðarstarfið, umhverfi okkar til heilla og blessunar.



20 ára vígsluafmæli Seljakirkju

Hátíð í kirkjunni 16. des. 3. sunnudag í adventu

Það var mikil hátíð í Seljahverfinu þegar fólkíð þar hafði unnið það afrek á 7. starfsári Seljasafnaðar, árið 1987, að eignast sína eigin kirkju. Í rauninni var það bylting í félags og kirkjustarfi fyrir allt fólkíð í hverfinu, bæði unga og aldna. Á þeim tuttugu árum sem síðan eru liðin, hefur Seljakirkja verið miðstöð slíks starfs. Þar er iðandi starfsemi alla daga vikunnar. Yfir starfsmánuðina hafa venjulega komið á aannað þúsund manns til ýmis konar starfsemi í kirkjumíðstöðinni hverja viku.

Vert er að minnast þar vígsluafmælisins með þakklæti fyrir góðan helgidóm, athvarf og gleðistað á tímamótum og hátíðum.

Það munum við gera í kirkjunni okkar 16. desember. Barnaguðsþjónusta verður kl. 11 að morgni sunnudagsins, eins og vandi er til. Það eru eftirminnilegar gleðistundir. Á hátíðisdaginn mun yngri deild barnakórsins syngja og lúðrasveit barna leika. Í guðsþjónustunni kl. 14 prédikar sr. Sigurður Sigurðarson, vígslubiskup. Flutt verður tónlist, en þátttaka allra verður höfð í hávegum eins og ávallt í guðsþjónustum safnaðarins. Um kvöldið kl. 20 verður samkoma, þar sem minnst verður tilefnisins á marga vegu. Á þeim degi verða líka komnir steindir gluggar a.m.k. í hluta kirkjusalarins. Við íbúar Seljahverfisins skulum koma saman og gleðjast yfir kirkjunni okkar á tímamótum.

Gluggar Seljakirkju

Prýðum kirkjuna okkar á vígsluafmæli

Það hefur átt nokkurn aðdraganda að sett verði litað gler í glugga kirkjusalarins í kirkjumíðstöð Seljasóknar. Ákveðið var þá að þar yrði myndskreyting, sem jafnframt segði frá atburðum hjálpræðissögunnar, áminning og uppörvun um boðskap kirkjunnar. Hönnun vann Einar Hákonarson myndlistarmaður. Framleiðsla var falin glerverksmiðju Oidmanns í Linnich, Þýskalandi, en þar hafa verið unnin fjölmörg glerlistaverk fyrir íslenskar kirkjur. Myndir af gluggunum eru á heimasíðu Seljakirkju. Við undirbúning vígsluafmælis kirkjunnar var ákveðið að hrinda þessu mikla verkefni í fram-

kvæmd. Nú stendur yfir söfnun fyrir gluggunum. Þar hafa margir þegar lagt til. Reikningur söfnunarinnar er 0319 – 13 – 301510. Kennitala sóknarinnar er 65 11 80 0319. Þá hafa mörg fyrirtæki stutt íbúa Seljahverfis við þetta stóra átak. Við vígsluafmæli kirkjunnar, 16. desember n.k., verða settir upp gluggar í kirkjunni. Hversu stór hluti verksins verður settur upp þá ræðst af söfnuninni. Brettum því upp emmar, leggjum okkar til. Prýðum kirkjuna okkar á vígsluafmæli.

Aðventudagskrá í Seljakirkju 2007

2. des.

1. sunnudagur í aðventu

- kl. 11 Barnaguðsþjónusta
kl. 14 Guðsþjónusta
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar – Barnakórinn og Kirkjukórinn syngja
kl. 16 Guðsþjónusta Skógarbæ. sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
kl. 20 Aðventukvöld – Aðventudagskrá. Kirkjukórinn og Seljur, kór kvenfélagsins og syngja. Félagar úr æskulýðsfélaginu flytja leikþátt. Haukur Ísfeld les aðventusögu. Sr. Karl Matthíasson flytur hugvekju. Aðventuljósinn tendruð

4. des.

- kl. 19:30 Jólafundur Kvenfélags Seljasóknar
Fjölbreytt aðventudagskrá. Jólhugvekja. Upplestur.
Seljurnar, kór kvenfélagsins syngur. Hátíðarmatur, jólapakkar
Þátttaka tilkynnist til stjórnarkvænna.

9. des.

2. sunnudagur í aðventu

- kl. 11 Barnaguðsþjónusta
kl. 14 Guðsþjónusta
sr. Bolli Pétur Bollason prédikar. Organisti er Marteinn H. Friðriksson
Barnakór Kársnesskóla syngur
kl. 17 Aðventutónleikar
Karlakórinn Fóstbræður flytur aðventutónlist undir stjórn Árna Harðarsonar. Jón Bjarnason leikur á orgelið. Einsöngur: Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir
Sr. Bolli Pétur Bollason flytur hugvekju

16. des.

3. sunnudagur í aðventu – 20 ára vígsluafmæli kirkjunnar

- kl. 11 Barnaguðsþjónusta. Börn úr Lúðrasveit Austurbæjar leika jólalög undir stjórn Vilborgar Jónsdóttur. Barnakórinn syngur. Stjórnandi Anna Margrét Óskarsdóttir
kl. 14 Guðsþjónusta. Altarisganga. Sr. Sigurður Sigurðarson vígslubiskup prédikar
Kirkjukórinn og söngkvartettinn Kolka flytja tónlist
kl. 20 Kvöldsamkoma. Hátíðardagskrá í tilefni vígsluafmælis. Tónlist leggja til Kirkjukórinn, Andri Björn Róbertsson, Bjartur Logi Guðnason, Jónas Ásgeirsson og Valdimar Hilmarsson

20. des.

- kl. 20 Aðventutónleikar Kammerkórs Seljakirkju undir stjórn Jóns Bjarnasonar.
Kórtónlist eftir J.S. Bach

23. des.

4. sunnudagur í aðventu – Þorláksmessa

- kl. 11 Barnaguðsþjónusta
kl. 14 Guðsþjónusta. Altarisganga. Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar
Flutt verður aðventutónlist við komu jóla. Hátíðin gengur í garð.
Kirkjukórinn syngur og leiðir söng við guðsþjónusturnar
Organisti er Jón Bjarnason

Sjá þú hjartans hörpu strengi,
hrær hvern streng sem ómað fær.
Hljómi skært og hljómi lengi
hósianna nær og fjær.
Hvert þitt innsta æðarslag
ómi* af gleði þennan dag.
Konungurinn konunganna
kemur nú til sinna manna.

Ríki hans um allar álfur
ómælanda geimsins nær.
Hásætið er himinn sjálfur,
hallarprýði sólin skær,
fótskór hans hin fagra jörð,
fylgðin hans er englahjörð.
Skrúða ljóssins skrýddur er hann,
skíra lífsins krónu ber hann.

Hann, þótt æðst í hátign ljómi,
hógvær kemur alls staðar.
Hjarta þitt að helgidómi
hann vill gjöra* og búa þar.
Opna glaður hjartans hús,
hýs hinn tigna gestínn fús.
Getur nokkuð glatt þig fremur:
Guð þinn sjálfur til þín kemur?

Líknarár hann enn þá gefur,
ár, sem háð ei breyting er,
ár, er sumar ávallt hefur,
ávöxt lífs að færa þér.
Vetur, sumar, vor og haust
votti þakkir endalaust
konunginum konunganna,
krýndum vegsemd. Hósianna.
Valdimar Briem



Safnaðartíðindi Seljasóknar
28. árg. 3. töl. Desember 2007
Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson
Útlishönnun: Gísli B. Björnsson
Prentvinnsla: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.